



**Ávarp forseta Íslands  
við opnun sýningarinnar  
Kirkja og kirkjusdrúð  
miðaldakirkjan í Noregi og á Íslandi  
17. maí 1997**

Heiðruðu gestir.

Sú sýning sem hér verður opnuð er merk staðfesting á sameignlegum menningararfí Íslendinga og Norðmanna. Hún sýnir að rætur okkar liggja ekki aðeins um slóðir höfðingja, bænda og búaliðs, baráttuvelli um völd, auð og orðstýr, ættarsögur um skáldskap, örlög og ástir, sagnabálka Snorra og annarra stílsnillinga sem létu kálfskinnið geyma áhrifaríkustu bókmenntir þeirra tíðar.

Sýningin er einnig þörf áminning um margslungna meningu áa okkar, boðskap trúar sem þeir birtu í listmunum og handverki, byggingum, klæðum, siðum og venjum.

Íslendingar og Norðmenn hafa um langa hríð verið svo hugfangnir af hetjusögum víkinganna að þáttur kirkju og trúar í samfélagi landnáms og þjóðveldis á Íslandi í myndun konungsríkis í Noregi og á miðöldum í löndunum báðum hefur ekki hlotið verðskuldaða athygli.

Í aðdraganda hátíðar til að minnast 1000 ára sögu kristni á Íslandi er það okkur fagnaðarefnir að eins konar forleikur þeirrar kristnihátiðar skuli vera sýning á íslenskri og norskri kirkjulist, staðfesting þess að bræðrabönd og systratengsl þessara tveggja frændþjóða eru enn sterkt þótt liðnar séu röskar 11 aldir síðan landflótti frá Noregi varð upphaf Íslandsbyggðar.

Ærede gjester.

Det enestående og nære slektskapet mellom islendinger og nordmenn satte et sterkt preg på mitt og Guðrún Katríns besök i Norge siste vinter. Den fremragende måten vi bel mottatt på, viste oss at selv om det enkelte ganger blåser friskt når frendene mötes, så er vennskapet mellom islendinger og nordmenn noe som holder. Og det vokser og styrkes. Sammen søker vi slaa etter vår opprinnelse i svunne tiders kunst og kultur.

Den utstilling som skal åpnes her i dag, er et praktfullt bevis på dette fellesskapet.

I den tale som Hans Majestet Kong Harald holdt til ære for Guðrún Katrín og meg på Akershus Slott, uttrykte han sin glede over denne utstillingen með følgende ord:

“Det er en stor glede for oss at den store islandsk-norsk utstilling om kirker og kirkekunst fra middelalderen vil bli åpnet av Dem, Herr President, i Reykjavík på Norges nasjonaldag i år. Vi ser frem til å få se utstillingen når den senere kommer til Norge”.

Det er en særlig fornøyelse for meg å nå kunne oppfylle mitt løfte overfor Kong Harald. Samtidig ønsker jeg det norske folk til lykke med dasjonaldagen.

Sýningin Kirkja og kirkjuskrúð, miðalda kirkjan í Noregi og á Íslandi er hér með opnuð.